



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Haustönn 2023

BLÓM3VC11

Blómaskreytingar verklegt III

Kennari:	Bryndís Eir Þorsteinsdóttir
	Valgerður Jónís Guðjónsdóttir

Áfangalýsing:

Nemendur læra áfram um skreytingastíllana þ.e. grunnstíllana og undirstíllana. Farið er dýpra í gerðir skreytinga og uppbyggingu þeirra s.s. borðskreytinga, jólastkreytinga, kertaskreytinga og þurrskreytinga. Fjallað er áfram um meðferð efnis úr náttúrunni og efni úr gróðurhúsum. Farið er ítarlega í mismunandi gerðir af útfararskreytingum og kynntar helstu brúðarskreytingar. Þjálfuð enn frekar vinna við skissugerð og teikningar af blómaskreytingum. Stór hluti kennslunnar felst í verklegum æfingum nemenda þar sem lögð er áhersla á vönduð og sjálfstæð vinnubrögð og eigin sköpun, jafnframt því að æfa þá tækni sem kennd hefur verið

Undanfari: BLÓM2BB02 (Blómaskreytingar II bóklegt), BLÓM2VB08 (Blómaskreytingar II verklegt)

Þekkingarviðmið - nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- Fagmáli greinarinnar.
- Helstu grunnstílum og undirstílum sem unnið er með í blómaskeytingum.
- Reglum um uppbyggingu blómvanda og skreytinga.
- Flóknum skreytingum, s.s. borðskreytingum, salarskreytingum og blómvöndum.
- Uppbyggingu og gerð útfararskreytinga.
- Grunnatriðum við gerð brúðarskreytinga.
- Hvernig útbúa á skissur og teikningar af skreytingum og þekki hvernig unnið er út frá þeim.
- Nauðsyn þess að vinna ávallt af fagmennsku við hvert verk.

Leikniviðmið - nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- Vinna með helstu grunnstíla og undirstíla sem notaðir eru í blómaskreytingum.
- Útbúa blómaskreytingar sem falla að grunnreglum, s.s. algengustu útfararskreytingar og einfaldar brúðarskreytingar.
- Útbúa tiltölulega flóknar skreytingar, s.s. borðskreytingar, salarskreytingar og blómvendi
- Útbúa og vinna skreytingar út frá skissum og teikningum.
- Vinna ávallt af fagmennsku og bera virðingu fyrir óskum viðskiptavinarins.
Geti tekið þátt í hópvinnu um stærri skreytingaverkefni

Hæfniviðmið - nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Velja viðeigandi verkfæri og hjálparefni sem tilheyra hverju verki sem metið er með verklagi, útsjónarsemi og verklegu prófi.
- Teikna, skipuleggja og framkvæma blómaskreytingar sem hæfa viðkomandi tilefni og uppfylla reglur um uppbyggingu og stílbragð, með hagkvæmni og rétt efnisval og rétta meðhöndlun efnis að leiðarljósi, metið með verklagi, verkskipulagningu, útsjónarsemi og verklegu prófi.
- Ráðleggja öðrum um val á blómaskreytingum við helstu tækifæri sem metið er með kynningum, rökstuðningi og fyrirlestrum.
- Sýna skilning á mikilvægi þess að sýna fagmennsku, vanda vinnubrögð og sýna hagkvæmni í nýtingu skreytingaefnis, metið með útsjónarsemi og rökstuðningi.
- Sýna virkni, frumkvæði, sjálfstæð vinnubrögð og samvinnuvilja í hópvinnu við stærri skreytingarverkefni sem metið er með jafningjamati, sjálfsmati, vinnuframlagi, samvissusemi og samskiptahæfni.

Námsefni:

Binderi teknik design – Dorthe Vembye

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika	Dagsetning	Námsefni og viðfangsefni	Próf og verkefni
1- 4	28.ágúst – 22.september	Kennsla hefst 29.ágúst Kynning og upprifjun Námsferð Haustskreytingar Brúðarvendir	
5 - 8	25.september – 20.október	Hanakubari Gestakennari – Gunna Péturs Brúðarskreytingar	

9 - 12	23.október – 17.nóvember	Haldið áfram að vinna með grunnstíla og undirstíla.	
13 - 14	20. nóvember – 1.desember	Jólaskreytingar	
15 - 16	4. desember - 15.desember	Próf 13.desember kl: 9 - 12	

Sérreglur áfangans:

Nemendur þurfa að ná að lágmarki 4,5 í einkunn á verklega prófinu.

Námsmat:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Verklegur þáttur	Verklegt próf	80%
Virkni og mæting	Mæting og virkni í tímum.	20%
Samtals		100%

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Reykir, 28.ágúst 2023

Bryndís Eir Þorsteinsdóttir

Valgerður Jónís Guðjónsdóttir